

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/63/EB

2008/EES/46/10

frá 3. október 2005

um leiðréttingu á tilskipun 2005/26/EB sem varðar skrá yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(1)</sup>, einkum 11. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB <sup>(2)</sup> var komið á fót skrá yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, að fengnu álitum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).
- 2) Í álitum sínum frá 2. desember 2004 um fiskhlaup til tiltekinnar nota taldi Matvælaöryggisstofnun Evrópu það ekki sennilegt að þessi afurð kallaði fram alvarleg ofnæmisviðbrögð þegar hún væri notuð sem burðarefni fyrir vítamín og karótenóíðblöndur.
- 3) Vegna mistaka vantaði karótenóíð í skrána í viðaukanum við tilskipun 2005/26/EB og þess vegna verður að bæta því við hana.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað sjöundu línu í öðrum dálki viðaukans við tilskipun 2005/26/EB komi eftirfarandi:

„—Fiskhlaup, notað sem burðarefni fyrir vítamín eða karótenóíðblöndur og fyrir bragðefni.“

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. desember 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 25. nóvember 2005.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. október 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 258, 4.10.2005, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 75, 22.3.2005, bls. 33.